

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við ákvörðun tekna og gjalda árið 2001 vegna álagningar opinberra gjalda á árinu 2002. Frá sama tíma fellur úr gildi 3. töluliður B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við framtal 2001 vegna tekna og eigna á árinu 2000 skal heimilt að meta bústofnsaukningu, bústofnsskerðingu og kaup á lífdýrum til tekna og gjalda samkvæmt reglugerð þessari í stað 3. töluliðar B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt.

Fjármálaráðuneytinu, 5. mars 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ólafur Páll Gunnarsson.

Nr. 214

6. mars 2001

AUGLÝSING**um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016,
Grafarholt, Kirkjustétt 1-3 og 5.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. mars 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í því að hluti stofnanasvæðis efst á Grafarholti, austan Kirkjustéttar og sunnan Kristnibrautar (Kirkjustétt 1-3 og 5) breytist í íbúðasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 6. mars 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Nr. 215

6. mars 2001

AUGLÝSING**um breytingu á aðalskipulagi Kirkjubæjarklausturs 1988-2008, Klausturhólar.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. mars 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kirkjubæjarklausturs 1988-2008 frá 21. maí 1990.

Breytingin varðar breytta landnotkun á opnu óbyggðu svæði austan Klausturhóla sem breytist í íbúðabyggð með tilheyrandi akstursaðkomu og breytingu á opnu óbyggðu svæði sunnan Klausturhóla á þann veg að þar verði opinberar stofnanir með tilheyrandi þjónustuaðkomu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skaftárhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 6. mars 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag athafnasvæðis undir hreinlegan iðnað norðan Sólbakka í Borgarnesi, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 5. mars 2001.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992-2012, Hveravellir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 6. mars 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992-2012 frá 2. nóvember 1993.

Breytingin varðar kafla 10.0 og 10.1 í greinargerð með aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992-2012. Kafli 10.1 Hveravellir fellur út og í stað hans kemur nýr texti. Í kafla 10.0 fellur út 6. másl. í 1. mgr.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Svínavatnshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 6. mars 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.